

10  
4 júní

## L Ö G

um

breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907,  
um kennaraskóla í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-  
mörkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,  
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Námstími í kennaraskólanum skal vera 7 mánuðir á ári, október—apríl.

2. gr.

Í tölu námsgreina skólans bætist ensk tunga.

3. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi lög nr. 19, frá 9. júlí 1909, um  
breyting á lögum um stofnun kennaraskóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*